

Stokkseyri



Fornleifakönnun

Elin Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík 2002
FS177-02081



© Fornleifastofnun Íslands 2002

Efnisyfirlit

1. KAFLI: INNGANGUR.....	4
2. KAFLI. UM MAT Á ÁHRIFUM FRAMKVÆMDA Á MENNINGARMINJAR.....	5
3. KAFLI. FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI	7
4. KAFLI. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	8
5. KAFLI. MINJAR Í HÆTTU Á FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI.....	11
6. KAFLI. TILLAGA UM AÐGERÐIR	11
7. KAFLI. NIÐURLAG	12
HEIMILDASKRÁ.....	13

Viðauki:

Kort af fornleifum á úttektarsvæðinu

1. kafli: Inngangur

Á vegum Sveitafélagsins Árborgar er nú unnið að deliskipulagi fyrir nýtt hverfi á um 1 hektara svæði norðan Hásteinsvegar á Stokkseyri. Sveitarfélagið leitaði til Fornleifastofnunar Íslands um að gerð yrði fornleifaskráning á svæðinu. Fornleifastofnun hafði þá þegar hafið vinnu við svæðisskráningu alls sveitafélagsins og var stuðst við þau gögn við skráningu þá sem hér greinir frá.

Skráningin fór fram 16. maí og er í þessari skýrslu greint frá niðurstöðum hennar.

Við vettvangsathugun var loftmynd skoðuð, rætt var við staðkunnuga, gengið um svæðið og minjastaðir staðsettir og athugaðir. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu Fornleifastofnunar á nauðsynlegum gögnum um framkvæmdasvæðið og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind og vettvangsrannsókn lýst. Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um heimildaöflun, vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

2. Kafli. Um mat á áhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins."

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þesari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum viðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu

Stokkseyri

framkvæmdasvæði þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

3. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er skrá um fornleifar á deiliskipulagsreitnum. Aftast í skýrslunni er svo að finna loftmynd þar sem þekktir minjastaðir í reitnum eru merktir inn. Upplýsingar um alla minjastaði sem vitað er um á áhrifasvæðinu er að finna í skránni hér að aftan.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-151-055). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: Fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Umrætt svæði nær frá norðurjaðri lóða íbúðarhúsa við Hásteinsveg 23-31 að girðingu í norðri. Frá girðingu í vestri að Ólafsvöllum.

Á úttektarsvæðinu voru samtals skráðir 7 minjastaði. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þessu minjastaði.

4. Kafli. Skrá yfir fornleifar

ÁR-151 Stokkseyri

60 hdr. 1686. Bændaeign og sömuleiðis 1708.

Í JÁM eru hjáleigur Stokkseyrar taldar: Rauðárhóll, Litli-Rauðárhóll, Kumbaravogur, Hellukot, Gerðar, Gata, Dvergasteinar, Litlu Móhús, Hóll, Töpp, Vestara Stokkseyrarsel, Ýragerði Eystra, Ýragerði Vestra, Vatnsdalur (Rodgúll), Símonarhús, Starkaðarhús, Stóru Móhús, Ranakot, Grímsflós, Kaðalstaðir, Beinateigur, Hvíld, Hviða og Eystra Stokkseyrarsel. Í málðaga frá því snemma á 13. öld er getið um Eyjólf Ásgrímsson, samtímmamann Árna biskups Þorlákssonar sem bjó á Stokkseyri eða þar um kring. ÍF I, 403.

1270 segir í rekaskrá Skáholtskirkju: Kirkian i skalholti a .x. j rekanum er liggur..... og þann sem liggr fyrer Stokseyre. a Eyrarbakka i millum Dyra löns. og Sjörnusteins og sionhending fram j olldurife. ad vundanntecknum so stórum hual sem aller heimamenn af einfolldu bue a Stokseyre med einum eyk giæte af stad hrærtt. og allann vid tueggia alna langann millum snida. og þadan stærra." ÍF II, 75.

1397 er Stokkseyri talin upp með eignum Skálholts: "Mariukirkia a Stokkseyri a land j Medalholtti" ÍF IV, 55-56.

18. Júlí 1439 er skráður dómur 6 presta um eignarrétt Skálholtskirkju til reka milli Dyralon og Stjörnusteins á Eyrarbakka. ÍF IV, 590.

1545 "Geck domur j mille Sæmdunar Eirikssonar og Gunnars a stokkseyri vm þad fiorufar eins mannz sem kirkjan j asi aa i stokkseyrarfioru og gunnar hefur hindrat ad sæmundur hefur ecki fengid. dæmdizt schallhollzkirkiu .xv. merkur." IF, XI, 419

"Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga næg, þó erfið til að sækja. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, en brúkast ei. [...] Reiðingsristu segjast menn heyrt hafa að jörðin eigi í Traðarholtslandi mótt fjörufari á Stokkseyrarfjöru, vide Traðarholt. Skógarhögg á jörðin í takmörkuðu plátsi í Búrfelli fyrir ofan Eystrihrepp, sem kallast Stokkseyringur. Var þar áður nægur skógur til kolagjörðar og nokkur til raftviðar, er nú nærri gjöreyddur síðan Hekla brann síðast og spilti honum og brúkast því sjaldan. [...] Túninu grandar til stórskaða sjóargangur með landbroti og grjóts og sands áburði og gánga þar á stórflæður alt í kringum bæinn, og altitt í meðalfllöðum að inn gángi í kirkjugarðinn, stundum kirkjuna. [...] Vatnsbólin fordjartast oft um veturn og fyrir sjávargángi, þegar sjór ber sand yfir og fyllir brunna af söltu vatni." segir í JÁM. Þar segir enn fremur að rekavon sé í betra lagi, sölvafjara næg, fjörugrös "ut supra á Skipum", og að hrokkelsatekja hafi verið á jörðinni.

ÁR-151:052 Skipagerði frásögn um býli 65°50.029N 21°03.208V

Skipagerði stóð áður norðan við bílskúr sem nú er við Hásteinsveg 25. Bærinn var skammt norðan við bílskúrinn, en náði til suðurs langleiðina að honum (endaði um 20 m norðan við hann). Þessi bær var rifinn þegar Hásteinsvegur 25 var byggður 1952, en það hús er nú nefnt Skipagerði. Þar sem bærinn stóð eru nú tún í órækt, við bakgarð húss númer 25. Engin ummerki sjást nú um bæinn en hann stóð eftir að nýja húsið var byggt 1952 en var rifinn skömmu síðar.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-151:053 frásögn um hlöðu 63°50.036N 21°03.195V

Sveinbjörn Guðmundsson man eftir tveimur tóftum, hlöðu og fjósi, norðan við bæinn Skipagerði (052). Húsin stóðu rétt norðan við bæinn, vestan við garðlag 057 sem liggur þar til norðvesturs. Tún í órækt. Engin merki sjást um útihúsið og nákvæm staðsetning ekki kunn.

Húsið var þó fast norðan við 052.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-151:054 frásögn af fjósi

63°50.037N 21°03.196V

Sveinbjörn Guðmundsson man eftir tveimur tófum, hlöðu (053) og fjósi, norðan við bæinn Skipagerði (052). Húsin stóðu rétt norðan við bæinn, vestan við garðlag 057 sem liggur þarna til norðurs. Tún í örækt. Engin merki sjást um útihúsið og nákvæm staðsetning ekki kunn. Húsið var þó fast norðan við 052.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda


ÁR-151:055 *Sauðagerði* býlistóft

63°50.032N 21°03.236

Sauðagerði var rétt austan við Skipagerði 052 og sjást merki þess enn í bakgarði húss númer 23 við Hásteinsveg. Tóftin er í jaðri bakgarðs, sunnan við er rennislétt grasflót en norðan við er túnblettur sem nú er kominn í örækt.

Um er að ræða litla, einfalda tóft og garðlag austan við. Tóftin er 3 X 3,5 m að innanmáli. Op er á suðurhlið hennar en hún er úr torfi og grjóti. Nokkuð er hrunið inn í tóftina, sérstaklega austan megin. Frá henni liggur garðlagið til austurs en beygir svo til suðurs og myndar þannig gerði, þótt suðurveggur sé nú horfinn. Samtals eru hleðslurnar 24 X 11 m að stærð. Frá gerðinu liggur garðlag um 70 m til norð-norð-vesturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



ÁR-151:056 *Ísólfsskáli* frásögn um bústað

63°50.051N 21°03.166V

5-10 m norðan við 057 en 20-30 m norðan (norðvestan) við þar sem enn sjást ummerki um hvar Sólskáli (sumarbústaður sem byggður var 1930 en rifinn fyrir allnokkru) stóð, var býlið Ísólfsskáli áður. Tún í örækt, engin ummerki sjást um hvar húsið hefur staðið.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-151:057 garðlag

63°50.036N 21°03.066V

Greinilegt garðlag er merkjanlegt 15 m norðan við Hásteinsveg, milli húsa 25 og 27 og til norðurs. Garðlagið liggur um tún sem nú eru komin í örækt. Það liggur til norðnorðvesturs í rúma 60 metra en liggur svo beint til norðurs í 16 m áður en það beygir til austurs og liggur í um 105 m í átt að íbúðarhúsi sem stendur austast við Ólafsvelli. Garðlagið endar rúnum 20 m austan við húsið en þar liggur annar garður þvert á þann fyrrnefnda og liggur til norðurs og suðurs. Til norðurs er garðurinn ógreinilegur þar sem hann hefur legið inn í bakgarð hússins en til suðurs liggur hann í um 50 m og liggur enn annar garðspotti frá honum til austurs (14 m). Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti en er víðast gróinn. Líklegast er að hann hafi afmarkað landamerki/lóðamerki nokkurra smábýla.



Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

ÁR-151:058 garðlag

63°50.060N 21°03.131V

Sigið garðlag, (hugsanlega upphlaðinn vegur) sem sýnist nokkru eldra en önnur garðlög á svæðinu, liggar frá 057 og til norðausturs. Það fjarar út eftir tæpa 50 m sunnan við íbúðarhúsið sem stendur austast við Ólafsvelli. Garðagið liggar um tún sem nú eru komin í örækt. Garðagið er alveg sigið og ekki nema 0,2 m á hæð. Það er um 50 m á lengd en 2 m á breidd. Engar hleðslur sjást í því.

Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

5. Kafli. Minjar í hættu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á úttektarsvæðinu eru 7 minjastaðir þekktir. Þetta eru eftirtaldir staðir:

- ÁR-151:052-054** – Býlið Skipagerði og tvö útihús við það. Ummerki um þessa minjastaði eru nú horfin.
- ÁR-151:055** – Leifar Sauðagerðis sem enn sjást í húss númer 23 við Hásteinsveg. Tóftin er í húsagarði og því fast utan við úttektarsvæðið.
- ÁR-151:056** – Ísólfsskáli var íbúðarhús byggt síðla á 19. öld en rifið á þeirri tuttugustu. Engin merki sjást nú um húsið.
- ÁR-151:057** – Garðlag mikið liggur um stóran hluta svæðisins og greinist á nokkrum stöðum niður í minni garðspotta. Garðlag/garðlög þessi hafa líklega verið landamerki og því afmarkað landskika þurrbúðarbænda.
- ÁR-151:058** – Sigið garðlag sem sýnist eldra en önnur garðlög á svæðinu og er um 50 m.

6. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi liggur vitneskja fyrir um nokkrar fornleifar á deiliskipulagsreitnum.

Samtals voru 7 minjastaðir skráðir að þessu sinni. Sauðagerði er innan lóðamarka Hásteinsvegar 23 og því í raun utan reitsins þó staðurinn hafi verið skráður sökum nálægðar við skipulagssvæðið. Hinir 6 minjastaðirnir teljast í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Nokkrar þessara minja eru horfnar af yfirborði jarðar og hafa því þegar orðið fyrir skemmdum. Ekki er útilokað að leifar þessara mannvirkja sé að finna undir sverði og ætti því að fara varlega í allt rask í námunda við þá. Þeir staðir sem teljast í mestri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eru garðlögin 057 og 058. Bæði eru enn greinileg og að stórum hluta óröskuð. Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins ef nauðsynlegt er talið að hylja garðlögin eða fjarlægja þau.

7. Kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda og skipulags á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu hvort eða hversu margar minjar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Svæðið sem um ræðir er í þéttbýli, þar var byggð á 19.öld og að öllum líkindum hefur byggð verið þar áður. Af þeim sökum eru líkur á að fornleifar leynist neðan jarðar meiri en ella. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og þá þurfi að stöðva framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður Fornleifaverndar ríkisins er fenginn sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Sveinbjörn Guðmundsson
Grétar Zópaníasson

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Örnefnaðastofnun Íslands

Prentaðar heimildir:

JJ: Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*,

